

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 15. desember 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði þingið kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 23. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Alþingi samþykkti hinn 16. desember 2000 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frestað hinn 16. desember 2000.

Forsætisráðuneytinu, 18. desember 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. kafla:

a. Við undirlið 0301.99 bætast við tvö ný tollskrárnúmer ásamt skiptilið og orðist svo:

	A	E
	%	%
--- Lúða:		
0301.9921 --- Eldisfiskur, ót. a., þ.m.t. seiði	0	
0301.9929 --- Önnur	0	

b. Undirliður 0302.21 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

	A	E
	%	%
-- Lúða (Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis):		
0302.2110 --- Eldislúða	0	